

GJALDSKRÁ

velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir stuðningsþjónustu.

1. gr.

Upphæð gjalds.

Gjald fyrir hverja unna vinnustund á dagvinnutíma vegna stuðningsþjónustu í formi þrifa á heimili er kr. 1.345.

Stuðningur umfram sex vinnustundir á mánuði á hvert heimili er endurgjaldslaus.

2. gr.

Undanþága frá greiðslu.

Undanþegnir gjaldskyldu hvað varðar aðstoð við þrif eru þeir sem einungis hafa tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir.

Önnur stuðningsþjónusta, þ.e. stuðningur á dagvinnutíma og stuðningur um kvöld og helgar er endurgjaldslaus.

3. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 4. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 21. desember 2021 og öðlast gildi 1. febrúar 2022 og fellur þá jafnframt úr gildi eldri gjaldskrá velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um félagslega heimaþjónustu nr. 1560/2021.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 4. janúar 2022.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfudagur: 26. janúar 2022